

Félagsfundur í Öldungadeild Læknafélags Íslands, 4. maí, 2022

Fundur í Öldungadeild lækna 4.5 .22 Haldinn í sal L.Í Hlíðarsmára 8.

Fyrir fund var safnast yfir veitingum og var vel mætt, um 60 félagar og gestir.

Formaður setti fund og bað fundarmenn að minnast Ólafs Ólafssonar fv landlæknis, sem þá var nýlátinn 93 ára. Risu menn á fætur í þögn.

Formaður endurtók kynningu á ferð um hvítasunnu um Borgarfjörð, sögustaði og merkisstaði með tveggja náttu gistingu að Húsafelli. Sagði að brátt myndi auglýst utanlandsferð um Búdapest og Vín.

Þetta var síðasti skipulagði fundur vetrarins, og til hans kvaddur Stefán Þórarinsson sem á áratuga feril í heilsugæslunni á Egilsstöðum með tilheyrandi héruðum. Stefán flutti okkur sögu héraðslækninganna frá upphafi þeirra á hans slóðum og allt til nútímans. Rakti hvernig hreppapólitík og menn stórir fyrir sér tókust á um læknamál og spöruðu ekki dugnað, þrautseigju, óræða framsetningu og að endingu gífuryrði samantvinnuð til að reyna fá sitt fram. Erindi Stefáns kallaði hann “Bruni og bylting” : Bruninn var þegar Brekka ,sambyggt sjúkraskýli og læknisbústaður brann 3.jan 1944, en byltingarnar voru nokkrar. Síminn, vegagerð, bílar, samgöngur, Bretavinna, kaupfélagið og tilurð Egilsstaðakauptúns í kring um það. Stefán rakti þetta skemmtilega og með hliðarsögum af mönnum og málefnum. Fyrirspurnir voru nokkrar og fundarmenn lögðu í púkkið. Var gerður góður rómur að máli Stefáns, fróðlegt erindi og bezta skemmtun.

Aðeins lifir af starfi vetrarins að halda aðalfund 25.5 22

Friðrik E Yngvason fundaritari